

Íslenska gámafélagið ehf.
Kalkslétta 1
162 Reykjavík - Kjalarnes

7. október 2025
UOS2501489/K.G.

Efni: Svör við andmælum Íslenska gámafélagsins við eftirlitsskýrslu

Umhverfis- og orkustofnun framkvæmdi þann 21. ágúst sl. eftirlit hjá Íslenska gámafélaginu á Kalksléttu 1 í Reykjavík. Rekstraraðila bárust drög að skýrslu þann 10. September 2025 og bárust andmæli rekstraraðila við drögunum þann 24. september. Eftirfarandi eru svör Umhverfis- og orkustofnunar.

1. **Rekstraraðili gerir athugasemdir við að lagfæring á starfsleyfi sem gerð var 7. apríl 2022 hafi verið stórvæg breyting sem Umhverfisstofnun hefði átt að kynna sérstaklega.**

Umhverfisstofnun lagfærði starfsleyfið í samræmi við úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA). Skilyrði starfsleyfisins voru ekki hert. Heimildir fyrir Koparsléttu 22 og þær undanþágur sem bundnar voru þeirri lóð voru felldar út. Ekki voru gerðar efnislegar breytingar á starfsleyfinu og því ekki ástæða til frekari kynningar.

2. **Rekstraraðili gerir athugasemd við að í eldra starfsleyfi hafi ekki verið gerð krafa um söfnunarþró en í lagfærðu starfsleyfi hafi sú málsgrein verið tekin út og því standist spilliefnamóttakan ekki lengur kröfur starfsleyfisins.**

Í eldra starfsleyfi var rekstraraðila heimilaður tímabundinn rekstur spilliefnamóttöku á því staðfangi sem áður var Koparsléttu 22, þar til spilliefnamóttaka að Kalksléttu 1 yrði tilbúin til notkunar. Samhliða voru gerðar tímabundnar ráðstafanir í starfsleyfinu varðandi mengunarvarnir að Koparsléttu 22. Lagfæring starfsleyfisins í kjölfar úrskurðar ÚUA og breyting á deiliskipulagi fyrir lóðirnar að Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22 breytir því ekki þeirri skyldu að rekstraraðili hafi mengunarvarnir í samræmi við starfsleyfi sitt. Í samskiptum rekstraraðila og Umhverfisstofnunar við vinnslu eldra starfsleyfisins kom fram að aðstaðan að Koparsléttu 22 væri tímabundin. Nú er aðstaðan að Kalksléttu 1 tilbúin til notkunar og rekstraraðili getur flutt starfsemi sína þangað eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.

3. Rekstraraðili telur sérstakt að í eftirliti nú komi fram að olíuskilja standist ekki kröfur en þetta er sama olíuskilja og var þegar starfsleyfið var veitt.

Skilyrði starfsleyfis gilda óháð því hvort eftirlitsmaður gerir athugasemdir eða ekki. Það er á ábyrgð rekstraraðila að kynna sér starfsleyfi sitt vel og starfa samkvæmt því, sbr. XI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. Rekstraraðili gerir athugasemdir við frávik vegna geymslu spilliefna utandyr.

Í gr. 3.2 í starfsleyfi kemur fram að heimilt sé að geyma spilliefni utandyr í lokuðum, sérútbúnum ílátum, svo sem spilliefnakörum, spilliefnagámum eða sambærilegum ílátum. Við eftirlit var staðfest að talsvert magn spilliefna var geymt á planinu utan við hús í körum og umbúðum sem hvorki voru læst né tryggilega lokað. Samkvæmt starfsleyfinu ber að tryggja að spilliefni séu geymd innandyr eða í læstum gámum utan vinnutíma, og að geymslusvæði séu þannig úr garði gerð að óviðkomandi komist ekki í efni eða að þau leki út í umhverfið. Þetta felur í sér kröfu um að aðstaða sé læst eða afgirt. Myndavélaeftirlit eða næturvörður eru einungis viðbótarráðstafanir og geta ekki komið í stað þess að svæðið sé læst eða afgirt í samræmi við skilyrði starfsleyfisins.

5. Rekstraraðili gerir athugasemdir við frávik og umfjöllun um að ef efni hellist niður utan húss þá fari það beint í fráveitu án þess að viðeigandi mengunarvarnir virki. Samkvæmt rekstraraðila séu spilliefni mest tómar umbúðir og rafhlöður. Olíusíður séu pressaðar í spilliefnamóttökunni í tunnur sem síðan séu fluttar í gáma. Olíuskilja myndi grípa olíuna sem myndi hellast niður ef óhapp yrði.

Starfsleyfi rekstraraðila er fyrir spilliefnamóttöku og um slíka starfsemi gilda ákveðin skilyrði sem sett eru í starfsleyfi. Í starfsleyfi er gerð krafa um söfnunarþró og olíuskilju af réttri gerð.

Virðingarfyllt,

Kjartan Guðmundsson

Teymis eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits